



FLÓAHREPPUR

## Umsögn sveitarstjórnar Flóahrepps - Sjálfbær landnýting drög að reglugerð í samráðsgátt

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti og bókaði eftirfarandi á 255. fundi sínum dags. 9. nóvember 2021 að lokinni umfjöllun atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps um sama mál:

„Sveitarstjórn Flóahrepps fagnar því að vinna varðandi sjálfbæra landnýtingu stendur yfir en tekur heilshugar undir innsendar athugasemdir Sambands íslenskrar sveitarfélaga.

Ýmislegt er þó óljóst í skjalinu sem liggur frammi sem drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu;

- Sveitarstjórn Flóahrepps veltir því t.d. fyrir sér hvort allir skurðir Flóaáveitunnar flokkist undir ár og vötn og sé svo, geti það haft veruleg áhrif á landbúnað í Flóahreppi.
- Sveitarstjórnin veltir einnig fyrir sér hvernig garðyrkjubændur eiga að fara að því að „loka“ ökrum sínum yfir veturinn eins og lagt er til í drögum.
- Tekið er undir bókun atvinnu- og umhverfisnefndar þar sem lagt er til meira samráð við landeigendur, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila til þess að rýna og greina íslenskar aðstæður og áhrif reglugerðarinnar á framtíðarmöguleika og atvinnulíf þeirra sem nytja landið.
- Bent er á að kostnaðarmeta þarf reglugerðir áður en þær eru staðfestar og tilgreina hverjum er ætlað að bera þann kostnað sem af setningu þeirra hlýst.

Fyrirhönd sveitarstjórnar Flóahrepps  
  
FLÓAHREPPUR  
Eydis P. Indriðadóttir

sveitarstjóri